

Yfirskrift	Dagskrá stjórnarfundar FFR				
Stjórnarfundur nr. 3 2017	3	Dagsetning	29. mars 2017	Tími	11:30 – 13:00
Fundarstaður	Mannvirkjastofnun				
Fundarstjóri	BK				
Ritari	ISS				
Mættir (fjarverandi)	BK, ISS, KLÁ, MH, EB (HÓS, BE,) og Guðrún Ragnarsdóttir frá Strategíu				
Fylgiskjöl	Fundargerð stjórnar FFR 21. febrúar 2017 Matsþættir út frá hæfniviðmiðum starfa - drög – frá Strategíu Verkáætlun 2017-2020 - drög – frá Strategíu				
Vistun gagna	ISS				

## Fundargerð

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar, sem ISS ritaði, var samþykkt.

### 2. Vinna við væntanlegt starfsumhverfi forstöðumanna

Vikulegir vinnufundir fulltrúa KMR, FJR, FFR og Strategíu hafa verið haldnir undanfarið og hafa BK, ISS og KLÁ sótt þá af hálfu félagsins, ásamt Guðrúnu Ragnarsdóttur frá Strategíu.

Guðrún kynnti *Verkáætlun 2017-2020* sem var lögð fram á vinnufundi í febrúar, en hún er lifandi skjal og tekur breytingum.

Þá var lagt fram skjalið *Matsþættir út frá hæfniviðmiðum starfa* en það er enn í vinnslu og rýningu og verið er að meta vægi mismunandi þátta. Efni skjalsins var rætt en það byggir á norska fyrirkomulaginu, sem hefur verið haft til hliðsjónar í þessari vinnu og Jafnlaunastaðlinum ÍST 85:2012 en markmið hans er að auðvelda atvinnurekendum að koma á og viðhalda launajafnrétti á vinnustað. Það verður prufukeyrt á nokkrum forstöðumönnum ólíkra stofnana. Rætt var um hvaða gögn sé hægt að nota við matið og hvernig matsferillinn verði.

Nýju lögini taka gildi 1. júlí og skv. verkáætluninni þarf að ljúka ákveðnum lykilverkefnum fyrir þann tíma. Kjararáð mun starfa áfram og afgreiða þau erindi frá forstöðumönnum sem berast fyrir 1. júlí. Verið er að ráða starfsmann til KMR sem mun sjá um málefni forstöðumanna, en einnig þarf félagið að ráða sér framkvæmdastjóra í hlutastarfi. Ákveðið var að Guðrún vinni drög að starfslýsingu. Þá þarf að skoða ýmis praktísk málefni s.s. hvaða þjónustu félagsmenn eiga hjá BHM og gæta þarf að þeim réttindum sem félagmenn hafa nú þegar. Guðrún gerir stutt minnisblöð um slík álitamál, s.s. hver verði verkefni FFR, hlutverk FFR skv. lögum, núverandi réttindi og framtíðarréttindi félagsmanna.

### 3. Önnur mál

- a. Ákveðið var að fá Pál Þórhallsson, skrifstofustjóra löggjafaramála í forsætisráðuneytinu á fund með stjórn fyrir páska.
- b. Ritari sendi uppfærðan póstlista á formann og gjaldkera.